

Vinnsla samskiptamála í Garðaskóla

Samantekt frá eineltisteymi skólans; Auður Sigurðardóttir námsráðgjafi, Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi og Helga María Ólafsdóttir deildarstjóri.

Í stórum unglingaskóla eru samskiptamál tíð og misjöf eins og þau eru mörg. Yfirleitt tekst nemendum að leysa ágreining á skjótan máta án mikilla afskipta starfsmanna en stundum eru málin þess eðlis að unnið er með þau í fullu samstarfi við foreldra og aðra starfsmenn eins og Eineltisáætlun Garðabæjar segir til um <http://gardaskoli.is/studningur/eineltisaaetlun/>. Formið á vinnuferli eineltismála er skýrt skilgreint innan grunnskóla Garðabæjar og því skilvirkt að vinna erfið samskiptamál á svipaðan hátt. Hvert mál er kannað og ef um samskiptamál er að ræða þá er það skráð sem slíkt og unnið að eftirfylgd en ef um sannarlegt einelti er að ræða þá er farið í enn frekari vinnslu eins og Eineltisáætlun Garðabæjar segir til um <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/forvarnir-og-fraedsla/gegn-einelti-i-gardabae/medferd-eineltismala/>. Eins og áður hefur verið nefnt eru samskiptamál aldrei eins í eðli sínu og aðgerðir misjafnar eftir því.

Dæmi um samskiptamál sem tilkynnt er af foreldrum: (hér eru notuð heitin þolandi og hugsanlegir gerendur til að greina á milli þó ekki sé um sannarlegt einelti að ræða).

- Námsráðgjafar ásamt deildarstjóra eða umsjónarkennara taka við málinu og ef með þarf er rætt aftur við foreldra þolanda og kannað hvers eðlis samskiptamálið er og nöfn hugsanlegra gerenda nefnd. Unnið er í samráði við foreldra um næstu skref.
- Rætt við þolanda til að fá frekari skýringu á stöðu mála. Þolandi fær upplýsingar um næstu skref sem eru unnin í fullu samráði við hann og foreldra.
- Rætt einslega við þá nemendur sem nefndir eru í þessu samskiptamáli til að afla nánari upplýsinga. Yfirleitt eru námsráðgjafar og deildarstjórar/umsjónarkennarar í þessum viðtölum. Hér fá nemendur tækifæri til að segja sína hlið á málinu og fara næstu skref algerlega eftir því hvernig viðbrögð nemenda eru í þessum viðtölum. Yfirleitt fáum við samvinnufúsa einstaklinga sem sjá að þeir geti auðveldlega breytt hegðun sinni og fylgjum við því eftir með reglulegum viðtölum við alla aðila.
- Foreldrar beggja aðila upplýstir um þessi viðtöl og oftast er góður samvinnugrundvöllur á milli heimila og skólans. Lagt er upp með að foreldrar taki einnig umræðu heima um góð samskipti.
- Eftirfylgni hjá báðum aðilum með viðtölum hjá námsráðgjöfum/deildarstjórum.
- Ef talið er að sátt hafi náðst er samskiptamálinu lokið og foreldrar upplýstir um það.
- Ef ágreiningur er um eðli samskiptamálsins er unnið með það áfram og upp getur komið sú staða að vinaslit verði eins og gengur og gerist þegar unglingar fara að samsama sig við „nýja“ einstaklinga og hópa og er slíkt samskiptamynstur algengast hjá stelpum í 8. – 10. bekk. Hér ráða oft miklar tilfinningar för og getur verið erfitt að fóta sig á nýjan leik í félagslegu tilliti. Þá getur erfitt samskiptamál snúist upp í eineltismál og þá er það tilkynnt sem slíkt og vinnuferlar settir af stað.

Samvinna foreldra bæði þolanda og hugsanlegra gerenda gegnir hér lykilhlutverki og hefur úrslitaáhrif hvort vel takist að vinna að lausnum bæði í samskiptamálum og eineltismálum. Erfitt er fyrir skólann að vinna að máli ef andstaða foreldra til málsins er það mikil að það hefur veruleg áhrif á gang mála. Sum samskiptamál leysast ekki en leggjum við þá ríka áherslu á gagnkvæma virðingu, jákvæða hugsun og orðræðu til þess að vel megi við una. Foreldrar gegna hér aftur lykilhlutverki bæði hvernig rætt er um samskiptamálin og skólann á heimilinu og hvernig þeir aðstoða og leiðbeina barninu sínu í gegnum ferlið. Sbr. Reglugerð um ábyrð, réttindi og skyldur foreldra 5.gr.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

